



Ársfundur Stapa

Akureyri, 8. maí 2019

Dagskrá fundarins



1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Breytingar á samþykktum
5. Starfskjarastefna
6. Kosning stjórnar
7. Kosning löggilts endurskoðanda
8. Ákvörðun um laun til stjórnar
9. Önnur mál



2. Skýrsla stjórnar

Erla Jónsdóttir, stjórnarformaður



2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings
Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri

Lykiltölur tryggingadeildar



Hrein eign til greiðslu lífeyris



Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

m.kr.	2018	2017
Iðgjöld	12.054	10.191
Lífeyrir	-5.967	-5.350
Fjárfestingartekjur	10.242	13.672
Rekstrarkostnaður	-456	-393
Aðrar tekjur/gjöld	-17	38
Breyting á hreinni eign	15.856	18.158
Hrein eign frá fyrra ári	204.850	186.693
Hrein eign í árslok	220.707	204.850

Rekstrarkostnaður



Hækkun rekstrarkostnaðar án einskiptisliða* um 5%


þ.kr.	2018	2017
Laun og launatengd gjöld	286.192	234.330
Tryggingastærðfræðingur	2.938	2.183
Endurskoðun	5.424	5.582
Innri endurskoðun	5.479	5.680
Lögfræðikostnaður	16.598	11.196
Fjármálaeftirlit	17.382	16.276
Tölvukostnaður	69.566	65.213
Annar kostnaður	52.771	52.477
Samtals	456.349	392.937

*Kostnaður vegna dómsmáls sem tapaðist í Hæstarétti á árinu í tengslum við starfslok fv. framkvæmdastjóra nam 40,5 m.kr.

Þróun rekstrarkostnaðar



Rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna



Efnahagsreikningur




m.kr.	2018	2017
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	99.202	89.695
Skuldabréf	116.152	108.270
Bundnar bankainnistæður	971	1.145
Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði	25	1.033
Kröfur	1.533	1.222
Ýmsar eignir	180	185
Handbært fé	2.796	3.361
Skuldir	-153	-60
Hrein eign til greiðslu lífeyris	220.707	204.850




Þróun iðgjalda

Iðgjöld vaxa í takti við launa- og kerfisbreytingar

Iðgjöld tryggingadeildar (m.kr.)




Iðgjöld séreignardeildar (m.kr.)



Stærstu iðgjaldagreiðendur




15 stærstu launagreiðendur greiddu 30% iðgjalda Stapa árið 2018



Atvinnugrein iðgjaldagreiðenda



Áfram minnkandi vægi sjávarútvegs – vaxandi vægi þjónustu




Aldur og fjöldi greiðandi sjóðfélaga




Ungur hópur iðgjaldagreiðenda

Aldur iðgjaldagreiðenda




Fjöldi iðgjaldagreiðenda og meðalaldur



Vanskil iðgjalda



Vanskil lægri en undanfarin ár þrátt fyrir nýleg áföll




Þróun lífeyrisgreiðslna




Fjölgun og betri réttindi sjóðfélaga skýra auknar lífeyrisgreiðslur


Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar (m.kr)



Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar (m.kr)




Fjöldi lífeyrisþega í tryggingadeild



Samsetning lífeyrisgreiðslna




Stöðugur vöxtur eftirlaunagreiðslna samhlíða því að sjóðfélagar með ríkari réttindi komast á eftirlaunaaldur



Fjárfestingartekjur tryggingadeildar



Viðunandi nafnávöxtun 2018 – raunávöxtun undir markmiði



Ávöxtun tryggingadeildar á ársgrunni



Meðalávöxtun til lengri tíma vel viðunandi





2. Tryggingafræðilegt mat
Unnið af Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfr.

Tryggingafræðileg athugun



- Samanburður:
 - Eignir og verðmæti iðgjalda
 - Skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris
- Skuldbindingar sjóðsins ráðast af þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa aflað en eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga
- Vænt niðurstaða metin með tölfræðilegum líkönum

- Lífeyrissjóðir hafa almennt engan ábyrgðaraðila
- Ef eignir eru lægri en skuldbindingar þarf að lækka áunninn rétt eða hækka iðgjöld

Tryggingafræðileg athugun



- Helstu forsendur útreikninga eru ákveðnar með reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðuneytið gefur út
 - Mikilvægustu forsendur eru um vexti og lífslíkur
- Ef talið er að aðrar forsendur en staðalforsendur eigi betur við fyrir viðkomandi sjóð er tryggingastærðfræðingi heimilt að nota aðrar forsendur
- Ef vikið er frá staðalforsendum ber einnig til samanburðar að reikna eftir staðalforsendum



Tryggingafræðileg athugun

Forsendur fyrir Stapa

- Tryggingafræðilegar athuganir Stapa lífeyrissjóðs hafa frá stofnun sjóðsins verið gerðar eftir staðalforsendum
- Staðalforsendur um lífslíkur hafa verið unnar eftir niðurstöðum úr þjóðskrá (nú reynsla 2010-2014)
- Lífslíkur allra, lífeyrisþega jafnt sem annarra hafa verið reiknaðar eftir þessum upplýsingum úr þjóðskrá
- Örorkulíkur voru byggðar á athugun meðal hluta lífeyrissjóða árin 1998-2002



Tryggingafræðileg athugun

Vinna Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) og Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT)

- Árin 2017-2018 vann FÍT nýjan reiknigrunn fyrir örorku- og endurhæfingarlíkur byggt á reynslu allra íslenskra lífeyrissjóða árin 2010-2016
- Landssamtök lífeyrissjóða sáu um að safna gögnum og voru niðurstöður kynntar á fundi LL í nóvember 2018
- Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga samþykkti grunninn sem grunn félagsins fyrir mat lífeyrisskuldbindinga lífeyrissjóða einnig í nóvember 2018



Tryggingafræðileg athugun

Vinna Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) og Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT)

Ýmis nýmæli er að finna í reiknigrundvellingum:

- Mismunandi lífslíkur eru ákveðnar eftir stöðu sjóðfélaga (virkir, öryrkjar og rétthafar)
- Endurhæfingartíðni er metin sérstaklega
- Lífslíkur sjóðfélaga eru nú metnar eftir lífslíkum þeirra sem eiga réttindi í lífeyrissjóðum, ekki eftir upplýsingum úr þjóðskrá
- Ekki er lengur gert ráð fyrir að öll ný örorkutilvik séu 100% orkutap, heldur meðaltal þess sem fram kom í athuguninni, sem var 90%



Nýr reiknigrunnur – breytingar

Áhrif nýs reiknigrundvallar á mat skuldbindinga

- Meðalævi reiknast lengri en eftir fyrri forsendum og því hækkar mat eftirlaunaskuldbindinga almennt
 - Minnst hjá sjóðum með háa örorkutíðni
- Mat á örorkutíðni hækkar, en er þó mismunandi eftir lífeyrissjóðum



Nýr reiknigrunnur – breytingar

Áhrif nýs reiknigrundvallar á mat skuldbindinga

- Nýr reiknigrundvöllur er talinn gefa réttara mat á skuldbindingum Stapa og er því notaður við tryggingafræðilega athugun 2018
- Fyrir Stapa er aðlögun örorkulíkinda 140% af meðaltali fyrir nýgengi örorku karla og 105% af meðaltali fyrir nýgengi örorku kvenna
 - Þetta svarar til um 15% hækkunar frá fyrri forsendum fyrir karla og 15% lækkun fyrir konur
- Ekki hafa allir lífeyrissjóðir enn tekið mið af nýjum reiknigrundvelli

Nýr reiknigrunnur

Áhrif nýs reiknigrundvallar á mat skuldbindinga




Ólifuð meðalævi við 67 ára aldur			
	Karl	Kona	
„Íslendingur“	17,27	19,43	<i>Þjóðskrá 2010-2014</i>
Sjóðfélagi	17,42	19,78	<i>FÍT grunnur 2018</i>
Virkur sjóðfélagi	18,00	20,50	- " -
Öryrki	13,20	16,74	- " -

Nýr reiknigrunnur



Breytingar á örorkutíðni í nýjum reiknigrunni



Tryggingafræðileg athugun

Niðurstaða 2018



<i>TAFLA II. TRYGGINGAFRÆDILEG STAÐA STAPA LÍFEYRISSJÓÐS 2018 – FJÁRHÆÐIR Í ÞÚSUNDUM KR.</i>			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	215.123.301		215.123.301
Endurmat – Skuldabréf	-8.468.660		-8.468.660
Hlutabréf	-774.063		-774.063
Fjárfestingagjöld:			
Rekstrarkostnaður:	-3.502.467	-6.125.166	-9.627.633
Iðgjöld:	0	177.129.188	177.129.188
Samtals:	202.378.111	171.004.022	373.382.134
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	165.994.283	135.329.387	301.323.671
Örorkulífeyrir:	27.379.896	33.477.488	60.857.384
Makalífeyrir:	9.178.296	6.699.747	15.878.042
Barnalífeyrir:	195.371	1.932.637	2.128.008
Samtals:	202.747.846	177.439.259	380.187.105
Mismunur:	-369.735	-6.435.237	-6.804.971
Hlutf. af skuldb.	-0,18%	-3,63%	-1,79%



Tryggingafræðileg athugun

Breyting frá fyrra ári

- Heildarstaða fer úr -0,9% í -1,8%
 - Væri jákvæð um 0,5% m.v. óbreyttar reikniforsendur
- Áfallin staða fer úr -1,1% í -0,2%
 - Þó ávöxtun nái ekki 3,5% viðmiði hefur það ekki áhrif á skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri þar sem réttindi þeirra fylgja eignavísitölu
 - Hagstæð afkoma á tryggingakerfi árið 2018 gerir meira en vega upp hækkun áfallinna skuldbindinga vegna breytinga á forsendum
- Framtíðarstaða fer úr -0,7% í -3,7%, sem rekja má til breytinga á reikniforsendum
- Verði heildarstaða meira en -5% eða +5% fimm ár í röð er sjóðnum skylt að grípa til aðgerða (l.129/1997), staða sjóðsins innan því vel innan viðmiðunarmarka
- Í ljósi neikvæðrar stöðu í framtíðarútreikningi tryggingafræðilegrar stöðu (-3,7%) má hins vegar búast við uppfærslu á réttindatöflum á næsta ársfundi



3. Fjárfestingarstefna

Brynjar Þór Hreinsson, fjárfestingastjóri




Fjárfestingarstefna

Mótun og framkvæmd

- Fjárfestingarstefna hvers árs segir til um hvert skuli stefna í fjárfestingum sjóðsins á því ári
 - Á að auka eða minnka áhættu?
 - Á að auka eða draga úr vægi einstakra eignaflokka?
- Fjárfestingarstefnan skilgreinir heimildir starfsmanna sjóðsins til fjárfestinga
 - Hversu mikið má sjóðurinn eiga í tilteknum eignaflokkum
- Fjárfestingarstefnan skilgreinir viðmið fyrir eignasafnið
 - Viðmið notað til að meta árangur stýringar
- Fjárfestingarstefnan er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu sjóðsins

Fjárfestingarstefna


Mótun og framkvæmd




Fjárfestingarumhverfið 2018




Þróun viðmiðunarvísitölu Stapa 2018 (mælt í krónum)



Framkvæmd fjárfestingarstefnu 2018



Ávöxtun ársins 2018




- Flestir eignaflokkar fyrir utan innlend hlutabréf skiluðu ávöxtun í takt við áætlun sem gerðar voru við gerð fjárfestingastefnu
- Innland skuldabréf gáfu betri ávöxtun en gert hafði verið ráð fyrir
 - Verðtryggð skuldabréf gáfu bestu ávöxtun innlendra eigna á síðasta ári
- Sveiflur á hlutabréfa-mörkuðum voru töluverðar á árinu 2018
- Ávöxtun erlendra eigna var í takt við áætlanir

Eignasamsetning og ávöxtun í árslok 2018




Tryggingadeild




Séreignardeild

Varfærna safnið



Áræðna safnið



■ Innland skuldabréf ■ Innland hlutabréf ■ Erlend hlutabréf ■ Erlend skuldabréf ■ Skammtímaþréf og innlán

Fjárfestingarstefna 2019




Eignaflokkur	Vægi í árslok 2018	Markmið um eignasamsetningu í árslok 2019	Vikmörk
Ríkisskuldabréf	33%	30%	25-45%
Önnur markaðsskuldabréf	16%	15%	5-20%
Veðskuldabréf og fasteignir	6%	9%	0-15%
Erlend skuldabréf	6%	3%	0-20%
Innlend hlutabréf	15%	15%	10-25%
Erlend hlutabréf	20%	22%	10-30%
Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	2%	5%	0-10%
Skammtímabréf og innlán	3%	1%	0-30%


Fjárfestingarumhverfið 2019




Þróun viðmiðunarvísitölu Stapa 2019 (mælt í krónum)



Framvinda fjárfestingarstefnu 2019




Ávöxtun það sem af er ári 2019



- Ávöxtun frá áramótum er alls 13.856 m.kr. en vænt ávöxtun á sama tíma var 4.004 m.kr.
- Ávöxtun á erlendum mörkuðum er vel umfram vænta ávöxtun
- Kröfulækkun á skuldabréfamarkaði hefur haft mjög jákvæð áhrif
- Innlend hlutabréf gáfu einnig góða ávöxtun, en sérstaklega miklar hækkunir hafa verið á Marel
- Ávöxtun annarra eignaflokka er einnig nokkuð yfir áætlun.

Ávöxtun það sem af er ári 2019




Eignasamsetning og ávöxtun árið 2019




Við lok fyrsta ársfjórðungs

Tryggingadeild




Séreignardeild

Varfærna safnið



Áræðna safnið



■ Innlend skuldabréf ■ Innlend hlutabréf ■ Erlend hlutabréf ■ Erlend skuldabréf ■ Skammtímaþréf og innlán



Hluthafastefna Stapa

Stapi hefur mótað sér stefnu um félagslega ábyrgar fjárfestingar

- Áherslur Stapa varðandi starfsemi fyrirtækja sem samræmast langtímahagsmunum hluthafa
 - Framfylgja og viðhalda góðum gildum fyrirtækja
 - Virðing og ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi sem fyrirtæki starfar í
 - Góðir viðskipta- og stjórnarhættir
 - Skýrar og hóflegar starfskjarastefnur

“áhersla á skýrleika, sjálfbærni og langtíma hagsmuni félagsins”

 - Góð og regluleg upplýsingagjöf
-
- Stapi er fylgjandi því að innlend fyrirtæki fylgi þeim leiðbeiningum sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX á Íslandi og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út um stjórnarhætti fyrirtækja.
-
- Nánari upplýsingar um stefnuna má nálgast á heimasíðu sjóðsins


“Leiðbeiningar og stefnumið um stjórnarhætti, fyrirvar og félagslega ábyrgar fjárfestingar”



Framkvæmd hluthafastefnu

Ólík nálgun eftir eðli eignarhalds

Innlend hlutabréf - 35 ma. kr.




- Nánast eingöngu hlutabréf í beinni eign sjóðsins
- Áhersla á góða stjórnarhætti
- Rétt uppsetning og framkvæmd starfskjarastefnu



B32.

Leiðbeiningar og stefnumið um stjórnarhætti, fyrirsvar og félagslega ábyrgðar fjárfestingar

Erlend hlutabréf - 58 ma. kr.



- Eignarhald í gegnum sjóði
- Áhersla á að velja góðan stýranda sem fylgir hluthafastefnu Stapa
- Aðild að UN PRI?





Framkvæmd hluthafastefnu innanlands


Stapi sinnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti

- Nýtum atkvæðisrétt okkar á hluthafafundum og öðrum sameiginlegum fundum fjárfesta
- Komum skoðunum okkar á stjórnarháttum á framfæri við þau fyrirtæki sem við fjárfestum í
 - Dæmi: Stapi hefur komið formlega á framfæri við stjórn fyrirtækja skoðunum sínum um að gætt sé hófs við framkvæmd starfskjarastefnu (t.d. í aðdraganda aðalfunda N1 og Eimskipa árið 2018)
- Nánari upplýsingar um ráðstöfun atkvæða og samskipti við félög má nálgast á heimasíðu sjóðsins

“Samantekt á ráðstöfun atkvæðaréttar Stapa í innlendum félögum”

Félag:	N1 hf.	
Dags. hluthafafundur:	19. mars 2018	
Atkvæðamagn Stapa:	2,78% (6.946.534 hlutir)	
Fulltrúi Stapa:	Arne Vagn Olsen	
Aðrar upplýsingar:	Stapi sendi stjórn félagsins erindi 16. mars þar sem óskað var eftir því að gerð yrði ítarleg grein fyrir starfskjörum forstjóra og árangurstenging hans útskýrd og rökstudd. Einnig brynt fyrir stjórn að gæta hófs við framkvæmd starfskjarastefnu.	
Dagskrá:	Tillaga frá: Ráðstöfun Stapa Athugasemdir	
1 Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.		
2 Skýrsla forstjóra og ársreikningar kynntur.		
3 Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðð reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.	Stjórn	Samþykkt
4 Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2017.	Stjórn	Samþykkt
5 Skilyrt tillaga stjórnar um styttingu kjörtímabils þeirrar stjórnar sem kjörin skal á aðalfundi félagsins 19. mars 2018.	Stjórn	Samþykkt
6 Stjórnarmálar.	-	Sjálfkjörð
7 Nýr endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.	Stjórn	Samþykkt
8 Ákvörðun um þöknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar.	Stjórn	Samþykkt
9 Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins.	Stjórn	Hafnað
10 Tillaga stjórnar um heimild til kaupna á eigin hlutabréfum.	Stjórn	Samþykkt
11 Önnur mál/löglega upp borin.	-	-
11a Alyktun um tilnefningarnefnd	Gildi	Samþykkt
11b Alyktun um sömu kjarabaetur til allra starfsmanna og forstjóri naut	VR	Hafnað
		Tillaga of seint fram komin til að vera bindandi.
		Tillaga of seint fram komin til að vera bindandi.

Félag:	Eimskipafélag (standa hf.)	
Dags. hluthafafundur:	22. mars 2018	
Atkvæðamagn Stapa:	4,62% (9.242.555 hlutir)	
Fulltrúi Stapa:	Arni Rúnar Magnússon	
Aðrar upplýsingar:	Stapi sendi stjórn félagsins erindi 21. mars þar sem óskað var eftir því að gerð yrði ítarleg grein fyrir starfskjörum forstjóra og árangurstenging hans útskýrd og rökstudd. Einnig brynt fyrir stjórn að gæta hófs við framkvæmd starfskjarastefnu.	
Dagskrá:	Tillaga frá: Ráðstöfun Stapa Athugasemdir	
1 Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári		
2 Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðð reikningsár	Stjórn	Samþykkt
3 Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2017	Stjórn	Samþykkt
4 Tillaga um starfskjarastefnu félagsins	Stjórn	Hafnað
5 Kosning stjórnar félagsins	-	Sjálfkjörð
6 Ákvörðun um þöknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar	Stjórn	Samþykkt
7 Kosning endurskoðanda	Stjórn	Samþykkt
8 Önnur mál, löglega upp borin	Stjórn	Samþykkt



4. Breytingar á samþykktum
Einar Ingimundarson, lögfræðingur

Tillögur til breytinga á samþykktum



Almennt um breytingartillögurnar

- Þann 24. apríl 2018 skrifuðu fulltrúar samningsaðila undir „Samkomulag um breytingar á kjarasamningi Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um lífeyrismál frá 12. desember 1995“.
- Umrætt samkomulag snýr að tilteknum í þáttum stjórnkerfi lífeyrissjóða, svo sem ársfundum, stjórnnum og fulltrúaráðum.
- Margt af því sem kveðið er á um í samkomulaginu er þegar til staðar í samþykktum Stapa og kallar ekki á breytingar. Önnur atriði í samkomulaginu eru hins vegar nýmæli sem kalla á breytingar á samþykktum sjóðsins.

Tillögur til breytinga á samþykktum



Tillaga til breytinga á grein 3.6

Lögð er til breyting á lokamálsgrein í grein 3.6 þannig að fulltrúaráðsmaður geti farið með tvö atkvæði til viðbótar við sitt eigið á fundum:

- Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með allt að tvö atkvæði til viðbótar við eigið atkvæði á ársfundum og reglulegum fundum fulltrúaráðsins.
- ~~Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð eins annars fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins.~~

Tillögur til breytinga á samþykktum



Tillaga að nýrri grein nr. 3.7:

- Stjórn sjóðsins skal kalla saman fulltrúaráðið tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnaðar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjárfestingarstefnu kynntar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast til viðkomandi kjarasamninga hverju sinni.
- Þar sem gerð er tillaga að nýrri grein 3.7 breytast númer þeirra greina sem á eftir koma (greinar sem nú eru nr. 3.7 – 3.10)

Tillögur til breytinga á samþykktum



Tillaga um viðbætur við núverandi grein 3.10 sem jafnframt verði skipt upp í tvær greinar sem verða nr. 3.11 og 3.12:

- **3.11 Á ársfundi skal kynna:**
 - 3.11.1 Skýrslu stjórnar
 - 3.11.2 Ársreikning fyrir síðasta starfsár.
 - 3.11.3 Tryggingafræðilega úttekt.
 - 3.11.4 Fjárfestingarstefnu sjóðsins.
 - 3.11.5 Hluthafastefnu sjóðsins.
 - 3.11.6 Skipan stjórnar.
- **3.12 Á ársfundi skal kynna og bera undir atkvæði:**
 - 3.12.1 Starfskjarastefnu sjóðsins.
 - 3.12.2 Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna.
 - 3.12.3 Tillögu um laun stjórnarmanna.
 - 3.12.4 Tillögu stjórnar að endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.
 - 3.12.5 Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins, þegar þær liggja fyrir. Um tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 10. greinar.
 - 3.12.6 Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Tillögur til breytinga á samþykktum



Tillaga um að grein 3.10 verði skipt upp í tvær greinar sem verða nr. 3.11 og 3.12:

- ~~3.10 — Á ársfundi skal taka fyrir:~~
 - ~~3.10.1 Skýrslu stjórnar~~
 - ~~3.10.2 Kynningu og afgreiðslu á ársreikningum og tryggingafræðilegri úttekt~~
 - ~~3.10.3 Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins~~
 - ~~3.10.4 Stjórnarkjör skv. 4. grein. Fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði skulu kjósa aðal- og varamenn í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á aðal- og varamönnum í stjórn. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.~~
 - ~~3.10.5 Kosningu löggilts endurskoðanda, eða endurskoðunarskrifstofu. Einfaldur meirihluti atkvæða í fulltrúaráði ræður niðurstöðu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.~~
 - ~~3.10.6 Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 10. greinar.~~
 - ~~3.10.7 Tillögu um laun stjórnarmanna.~~
 - ~~3.10.8 Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.~~

Tillögur til breytinga á samþykktum



Tillaga til breytingar á grein nr. 4.1:

- Stjórn sjóðsins skal skipuð átta einstaklingum. Fjórir stjórnarmenn skulu tilnefndir af launamönnum og skal val þeirra staðfest af fulltrúum launamanna í fulltrúaráði sjóðsins. Fjórir stjórnarmenn skulu tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins og skal val þeirra staðfest af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði sjóðsins. Fjórir varamenn skulu valdir með sama hætti, tveir frá launamönnum og tveir frá atvinnurekendum.
- ~~Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af launamönnum og fjórir af vinnuveitendum. Kosning fulltrúa launamanna fer fram á ársfundi sjóðsins. Kosning fulltrúa vinnuveitenda fer fram skv. ákvörðun aðildarfélaga sjóðsins skv. grein 3.3. Fjórir varamenn skulu kosnir með sama hætti.~~

Tillögur til breytinga á samþykktum



Tillaga til breytingar á grein nr. 4.2:

- Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár og skal kjósa helming stjórnar á hverju ári, tvo fulltrúa launamanna og tvo fulltrúa **atvinnurekenda** ~~vinnuveitenda~~. Varamenn skulu kosnir með sama hætti, einn fulltrúi launamanna og einn fulltrúi atvinnurekenda á hverju ári. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.

Tillögur til breytinga á samþykktum



Tillaga að nýju ákvæði sem verður nr. 4.8:

- Hjá sjóðnum skal starfa nefnd um laun stjórnarmanna sem skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í nefndinni sitja stjórnarformaður sjóðsins auk þriggja einstaklinga sem ekki eru stjórnarmenn og eru kosnir á ársfundi sjóðsins. Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs.

Tillögur til breytinga á samþykktum



Tillaga til breytingar á grein nr. 25.5:

- Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. ~~2.500~~ 5.000 króna á mánuði og fyrirjábanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna, sem nema skal jafnvirði réttindasjóðs sjóðfélagans ef um eftirlaun er að ræða, af hendi í einu lagi. Ef um örorku- eða makalífeyri er að ræða þá greiðist hann í einu lagi í samræmi við tillögur tryggingafræðings.



5. Starfskjarastefna
Erla Jónsdóttir, stjórnarformaður

Starfskjarastefna



Óbreytt frá fyrra ári

Starfskjarastefna Stapa lífeyrissjóðs tekur mið af þeim reglum sem settar hafa verið um hlutafélög í ákvæðum 79. gr. laga nr. 2/1995. Starfskjarastefnan byggir á meginreglum um góða stjórnarhætti og hefur það að markmiði sjóðurinn hafi ávallt á að skipa góðu og traustu starfsliði. Með því móti vill sjóðurinn treysta þá viðleitni sína að hann veiti framúrskarandi þjónustu, hafi hagsmuni sjóðfélaga ávallt að leiðarljósi og að ætíð sé beitt vönduðum og faglegum vinnubrögðum í allri starfsemi hans. Starfskjarastefnan á þannig að leggja grunn að skilvirkni í starfsemi sjóðsins og stuðla að því að hann nái markmiðum sínum.

Stefna Stapa lífeyrissjóðs er að ráða til sín menntað og áhugasamt fólk í samræmi við verkefni hvers starfs. Markmið sjóðsins er að bjóða ávallt bestu þjónustu og hæstu gæði í þjónustu sinni við sjóðfélaga og launagreiðendur. Sjóðurinn leitast við að nota faglegt ráðningarferli með það að markmiði að hámarka kunnáttu og hæfni starfsmanna með tilliti til þeirra verkefna sem þeir eru ráðnir til.

Starfskjarastefna



Óbreytt frá fyrra ári

A. Megináherslur í starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs eru:

1. Grunnlaun. Stapi lífeyrissjóður býður sanngjörn og samkeppnishæf grunnlaun í samræmi við hæfni einstaklinga og markaðsaðstæður. Stapi lífeyrissjóður greiðir sambærileg laun fyrir sambærilegt vinnuframlag.
2. Sveigjanleiki. Stapi lífeyrissjóður leggur áherslu á að vera sveigjanlegur vinnustaður og kemur til móts við þarfir bæði starfsmanna, sjóðfélaga og annarra viðskiptavina. Stapi lífeyrissjóður telur það mikilvæga hvatningu að starfsmenn geti samræmt starf sitt öðrum hlutverkum lífsins. Starfsmenn geta því samið um sveigjanlegan vinnutíma og reynt er eftir föngum að taka tillit til óska starfsmanna, þó aldrei þannig að það bitni á sjóðfélögum eða öðrum viðskiptamönnum sjóðsins.

Starfskjarastefna



Óbreytt frá fyrra ári

B. Framkvæmd starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs

1. Starfskjör stjórnarmanna. Stjórnarmenn fá greidd stjórnarlaun í samræmi við ákvörðun ársfundar hverju sinni. Miðað skal við að stjórnarlaun hjá Stapa séu sambærileg og greitt er fyrir viðlíka stjórnarstörf að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar. Við það skal miðað að stjórnarlaun breytist alla jafna milli ársfunda í samræmi við vísitölu launa, nema sérstakar ástæður kalli á annað.
2. Starfskjör framkvæmdastjóra. Stjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem gerð er grein fyrir öllum starfskjörum hans s.s. föstum launum, lífeyrisréttindum, orlofi, uppsagnarfresti og öðrum hlunnindum.
3. Starfskjör stjórnenda og lykilstarfsmanna. Framkvæmdastjóri gerir skriflega ráðningarsamninga við stjórnendur og lykilstarfsmenn þar sem gerð er grein fyrir starfskjörum og skulu þau taka tillit til markaðsaðstæðna og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
4. Starfskjör annarra starfsmanna. Skriflegir ráðningarsamningar eru gerðir við aðra starfsmenn þar sem gerð skal grein fyrir starfskjörum og taka þau tillit til aðstæðna á vinnumarkaði og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
5. Kaupaukar. Ekki eru í gildi nein kaupaukakerfi hjá Stapa lífeyrissjóði.
6. Yfirvinna. Við það skal miðað að við venjulegar aðstæður rúmist sú vinna sem inna þarf að hendi vegna starfsemi sjóðsins innan þeirra marka sem sett eru í ráðningarsamningum starfsmanna. Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur þó heimild til að samþykkja yfirvinnu til handa starfsmönnum, s.s. vegna álags sem upp kann að koma vegna sérstakra aðstæðna.

7. Kosning stjórnar

Fundarhlé

Stjórn Stapa 2019-2020



Frá atvinnurekendum

- Erla Jónsdóttir, Kambakoti (til ársfundar 2021)
- Kristín Halldórsdóttir, Akureyri (til ársfundar 2021)
- Unnar Már Pétursson, Siglufirði (til ársfundar 2020)
- Valdimar Halldórsson, Húsavík (til ársfundar 2020)

Frá launþegum

- Sverrir Mar Albertsson, Eskifirði (til ársfundar 2021)
- Tryggvi Jóhannsson, Akureyri (til ársfundar 2021)
- Oddný María Gunnarsdóttir, Blönduósi (til ársfundar 2020)
- Huld Aðalbjarnardóttir (til ársfundar 2020)

Varamenn í stjórn Stapa 2019-2020



Frá atvinnurekendum

- Guðrún Ingólfssdóttir, Höfn (til ársfundar 2021)
- Páll Snorrason, Garðabæ (til ársfundar 2020)

Frá launþegum

- Heimir Kristinsson, Akureyri (til ársfundar 2021)
- Sigríður Dóra Sverrisdóttir, Vopnafirði (til ársfundar 2020)

7. Kosning löggilts endurskoðanda

Kosning löggilts endurskoðanda



- Stjórn Stapa leggur til að Deloitte ehf. verði endurskoðandafyrirtæki sjóðsins á árinu 2019



8. Ákvörðun um laun stjórnar

Laun stjórnar og undirnefnda



Tillaga stjórnar:

- Stjórnarlaun 107.469 kr. á mánuði
- Varamaður 53.735 kr. fyrir hvern setinn fund
- Formaður stjórnar 214.939 kr. á mánuði
- Varaformaður stjórnar 161.204 kr. á mánuði
- Nefndarmenn 40.386 kr. á mánuði
- Formenn nefnda 80.772 kr. á mánuði

Hækkun um 5,6% frá fyrra ári, í samræmi við launavísitölu og þar með starfskjarastefnu sjóðsins.



9. Önnur mál



Ársfundur Stapa

Akureyri, 8. maí 2019